

Stjórnartíðindi

1916 - A-deild

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

FYRIR

ÍSLAND

ÁRIÐ 1916.

A-DEILD



KAUPMANNAHÖFN

1916

Efnisyfirlit

við

stjórnartíðindi fyrir Ísland 1916.

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blað- síðutal.
1	18. maí.	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905 og lög- um 9. september 1915.....	3
2	24. maí.	Bráðabirgðalög um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.....	4
3	4. ágúst.	Bráðabirgðalög um heimild handa ráðherra Íslands til ákvörð- unar sjerstaks tímareiknings	5
4	9. nóvbr.	Opið brjef, er stefnir saman alþingi til aukafundar 11. desember 1916.....	6
5		Konungsbrjef um setning Alþingis	7
6	16. nóvbr.	Bráðabirgðalög um þyngd bakarabrauða	8
7	29. nóvbr.	Auglýsing um kirkjugjald í Skarðssókn í Dalaprófastsdæmi ...	9
8	4. desbr.	Bráðabirgðalög um útflutningsgjald af söltuðu sauðakjöti.....	10

Stjórnartíðindi

fyrir

Ísland.

A.

Bráðabirgðalög

Nr. 1.
18. maí.

um

heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905 og lögum 9. september 1915.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherra Vor fyrir Ísland hefir tjáð Oss, að nauðsyn beri til vegna viðskiftalífsins að auka gjaldmiðil á Íslandi um stundarsakir fram yfir það, er gildandi lög heimila, og verðum Vjer því að telja brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ráðherra heimild til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905 og lögum 9. september 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr. og lögum 9. sept. 1915, svo sem viðskiftaþörfin krefur, gegn öllum sömu skilyrðum, sem í 1. gr. 1.—3. lið nefndra laga 9. sept. 1915 greinir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfuréttar síns að innleysa alla þá seðla, er hann hefur gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt sem landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 18. maí 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Nr. 2.
24. maí.

Bráðabirgðalög

um

heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar
aðflutningum til landsins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Stjórnarráð Vort fyrir Ísland hefir þegnsamlegast tjáð Oss, að nauðsynlegt sje nú þegar að gjöra ýmsar ráðstafanir til þess að innflutningur varninga til Íslands frá Bretlandi heftist eigi með öllu, og verðum Vjer því að telja brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að setja með reglugjörð eða reglugjörðum þau ákvæði um verzlun og siglingar til og frá landinu, er nauðsynleg þykja til þess að tryggja aðflutninga til þess. Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af brotum gegn henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 24. maí 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Bráðabirgðalög

um

heimild handa ráðherra Íslands til ákvörðunar sjerstaks
tímareiknings.

Nr. 3.

4. ág.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Íslands ráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna óvenjulega hás verðs ljósmetis á Íslandi sje brýnt nauðsynlegt að innfæra sjerstakan tímareikning þannig, að klukkan verði færð fram um alt að hálfri annari klukkustund, en með því mundi nokkurn tíma ársins sparast allmikið ljósmeti. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að heimila ráðherra Íslands með bráðabirgðalögum samkvæmt 6. gr. stjórnskipunarlaga 19. júní 1915 að setja með reglugjörð ákvæði um breytingu á tímareikningnum.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að ákveða með reglugjörð breytingu á tímareikningi á Íslandi þannig, að klukkan verði færð fram um alt að $1\frac{1}{2}$ klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma og verði þá 1 klukkustund og 58 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihóll 4. ágúst 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Nr. 4.
9. nóvbr.

Opið brjef,

er

stefnir saman alþingi til aukafundar 11. desember 1916.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast ákveðið, að alþingi skuli koma saman til aukafundar mánudaginn 11. desember þ. á., og viljum Vjer um þingtíma allramildilegast kveða svo á, að alþingi þetta megi ekki, nema síðar verði öðruvísi ákveðið, setu eiga lengur en 3 vikur.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur kaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 9. nóvember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Konungsbrjef

Nr. 5.
9. nóvbr.

um

setning alþingis.

Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg.

Vjer veitum yður með brjefi þessu sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Ísland
vald til að setja í Voru nafni aukaping það, sem saman kemur mánudaginn
11. desember næstkomandi.

Ritað á Fredensborg, 9. nóvember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Til

herra Einars Arnórssonar,
Vors ráðherra fyrir Ísland.

Nr. 6.
16. nóvbr.

Bráðabirgðalög

um

þyngd bakarabrauða.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Stjórnarráð Íslands hefur tjáð Oss, að eigi sje lögákveðið, að bakarar á Íslandi selji brauð eftir vigt, en að venja hafi þó myndast í Reykjavík í þá átt, að rúgbrauð skuli vera 3 kílógrömm að þyngd. En með því að kvartanir hafi framkomið um það, að þessari venju væri nú eigi fylgt og rannsókn hafi leitt í ljós rjettmæti þessara kvartana, þá sje bryn nauðsyn að löggjafarvaldið setji þegar ákvæði, er heft geti misbrúkun í þessu efni, og að ákveðið verði, svo að eigi verði um vilst, hversu þung brauðin skuli vera. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að setja bráðabirgðalög samkvæmt 6. gr. stjórnskipunarlaganna 19. júní 1915 um þyngd bakarabrauða.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Bæjarstjórnun og sveitarstjórnun veitist heimild til að ákveða með samþykkt þyngd bakarabrauða, hver í sínum kaupstað eða sveit, og skal bökunum óheimilt að selja brauð með öðrum þunga, en ákveðinn verður með tjeðri samþykkt.

Þó skal það ekki teljast brot á samþykktum þessum, þótt einstök brauð sjeu 2 % ljettari eða þyngri en samþykktin tiltekur, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1 %.

2. gr.

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt þessum lögum, má ákveða sektir 25—500 krónur fyrir brot. Sektir allar renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Með mál útaf brotum skal farið sem með opinber lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 16. nóvember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Arnórsson.

Auglýsing

um

Nr. 7.
29. nóvbr.

kirkjugjald í Skarðssókn í Dalaprófastsdæmi.

Landsstjórnin hefir samkvæmt lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld, ákveðið, að kirkjugjald í Skarðssókn í Dalaprófastsdæmi skuli frá fardögum 1916 að telja vera 90 aurar á hvern gjaldskyldan safnaðarmann.

Þetta birtist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands, 29. nóvember 1916.

Einar Arnórsson.

G. Sveinbiörnsson.

Nr. 8.
4. desbr.

Bráðabirgðalög

um

útflutningsgjald af söltuðu sauðakjöti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherra Vor fyrir Ísland hefur tjáð Oss, að það þyki nauðsynlegur þáttur í ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið til skipulags verzluninni, að íslenska stjórnin kaupi lítið eitt af saltkjöti til þess að afhenda það öðrum fyrir lægra verð en annars sje fíánlegt. Til þess að bæta landssjóði halla af þessu, teljum Vjer brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaga, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, um útflutningsgjald á saltkjöti.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Auk útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 16, 16. septbr. 1915, skulu af hverri tunnu saltaðs sauðakjöts (112 kíló), þar með taldar rullupýlsur, sem út úr landinu flytjast af þessa árs framleiðslu, greiddir landssjóði 75 aurar.

Um innheimtu gjaldsins, sektir, málsmeðferð, reikningsskil o. fl. fer eftir 3.—8. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Fredensborg, 4. desember 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson,

